

Starfslýsing - umsjónarmanna heimasíðu.

- 1) Stjórn félagsins tilnefnir 3 umsjónarmenn heimasíðu félagsins til eins árs í senn að loknum aðalfundi.
- 2) Umsjónarmenn skipta með sér verkefnum af verkefnalista (sjá fylgiskjal). Þeir tilnefna talsmann hópsins og fundaritara.
- 3) Hlutverk umsjónarmanna er að afla efnis úr starfi félagsins og viðhalda virkri heimasíðu eftir því sem aðstæður leyfa. Þeir bera ábyrgð á því efni sem birtist á heimasíðunni.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- a) Að setja inn á heimasíðuna fréttir frá stjórn, nefndum og aðilum sem hafa umsjón með viðburðum á vegum félagsins.
 - b) Að setja inn á heimasíðuna auglýsingar og tilkynningar frá félaginu sem birtast í fjölmiðlum. Alla viðburði á vegum félagsins ber að auglýsa á heimasíðunni.
 - c) Að setja inn á heimasíðuna eftir því sem tilefni gefst sögur, gamanmál, kveðskap, myndir og annað efni sem til verður í starfsemi félagsins.
 - d) Að setja inn á heimasíðuna (og uppfæra eftir þörfum) upplýsingar um fulltrúa félagsins í stjórn og nefndum, notendaráði, öldungaráði o.s.frv. Einnig að birta aðalfundargerðir, fundargerðir stjórnar félagsins, fréttabréf félagsmiðstöðvanna, lög félagsins, starfslýsingar nefnda, samþykktir fyrir öldungaráð og önnur gögn sem eiga erindi á heimasíðuna.
4. Umsjónarmenn geta sbr. 9. gr. laga félagsins fengið aðra félaga til starfa við efnisöflun t.d. fulltrúa nefnda félagsins.
 5. Umsjónarmenn hafa aðgang að skrifstofu félagsins í Bugðusíðu1 til fundahalda og geymslu á því sem tilheyrir starfsemi. Umsjónarmenn skrá fundi í dagbók sem liggur frammi. Stjórnarfundir og viðvera stjórnarmanna á skrifstofu njóta forgangs varðandi notkun á skrifstofunni.
 6. Umsjónarmenn halda til haga skriflegum gögnum sem verða til í starfi þeirra s.s. fundargerðir o.fl. Gögnin skulu geymd á skrifstofu félagsins. Umsjónarmenn hafa aðgang að tölvu á skrifstofunni og sitt heimasvæði fyrir gögn sem heppilegt er að geyma á rafrænu formi.
 7. Umsjónarmenn leitast við í störfum sínum að efla heimasíðu félagsins með þróun og nýbreytni.
 8. Umsjónarmenn fá þjálfun og leiðsögn hjá Stefnu hugbúnaðarhúsi eftir þörfum við innsetningu á efni og þróun heimasíðunnar. Þurfi umsjónarmenn á fjárstyrk að halda úr sjóði félagsins vegna tiltekinnar verkefna þurfa þeir að senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar að lútandi. Í umsókninni þarf að koma fram hvernig styrknum verði varið.
 9. Um aðra starfsemi vísast í lög félagsins sbr. 5.,6., 9. og 10. grein.
 10. Stjórn félagsins getur á hverjum tíma endurskoðað og gert breytingar á starfslýsingu þessari telji hún þess þörf. Samráð skal haft við umsjónarmenn um breytingar.
 11. Starfslýsingu þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2019.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann __12. des. 2016.